

við frv. til laga um heimild til innflutningsbanns og gjaldeyrisráðstafana (þskj. 194).

Frá Jóni Baldvinsyni.

1. Við 1. gr. Orðin »heimild til með veitist ríkisstjórninni« falli burt.
2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:

Þegar ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda, skal skipuð þriggja manna nefnd til að hafa með höndum umsjón gjaldeyris og ráðstafanir viðvikjandi honum. Nefnd þessi skal skipuð þannig, að stjórn Alþýðusambands Íslands tilnefni einn mann, Samband íslenskra samvinnufjelaga annan, en ráðuneytið hinn þriðja, og er hann formaður nefndarinnar.
3. Á eftir 2. gr. komi 5 nýjar gr., svo hljóðandi:
 - a. Nú telur ríkisstjórnin, að nauðsyn beri til, að gerðar sju frekari ráðstafanir, til þess að nægur erlendur gjaldeyris fái til nauðsynlegra þarfa landsmanna, og getur þá ríkisstjórnin, með ráði nefndar þeirrar, sem skipuð verður samkv. 2. gr., eða meiri hluta þeirrar nefndar, tekið í sínar hendur útflutning og sölu á öllum sjávarafurðum eða einstökum tegundum sjávarafurða, sem útflutningshæfar teljast, hvort sem þær eru eign innlendra eða útlendra manna, ef þeirra er aflað hjer við land og verk aðar í landi eða landhelgi. Einnig getur ríkisstjórnin á sama hátt tekið í sínar hendur útflutning og sölu á öllum útflutningshæfum landbúnaðarafurðum.
 - b. Þegar ríkisstjórnin tekur í sínar hendur, að nokkru eða öllu leyti, einkasölu og útflutning á afurðum landsins, getur hún skipað einn mann eða fleiri, til þess að sjá um útflutning og sölu afurðanna.

Allur kostnaður við sölu og útflutning greiðist af söluverði afurðanna, og skal draga hann frá, áður en eigendum vöru er greitt andvirði hennar.
 - c. Ríkisstjórnin má greiða eigendum andvirði útfluttrar vöru í íslenskum peningum, þótt varan sje greidd í erlendri mynt.

Ákveður ríkisstjórnin í samráði við stjórn Landsbanka Íslands verð á þeim erlenda gjaldeyri, sem fæst fyrir seldar afurðir, og skal greiðsla til eiganda vöru miðuð við það verð á erlenda gjaldeyrinum, þegar honum er greitt andvirði vöru í innlendum peningum.
 - d. Ríkisstjórnin getur ákveðið útflutningsstaði og sett nánari reglur um afhending útflutningsvöru.
 - e. Andvirði afurðanna afhendir ríkisstjórnin eigendum eftir reglum, sem hún setur þar um, og getur ríkisstjórnin sett meðalverð á hverja jafngóða vöru-tegund frá sama framleiðslutímabili.
4. Greinatalan breytist samkv. þessu.
5. Fyrirsögn frv. verði:

Frv. til laga um heimild til gjaldeyrisráðstafana, einkasölu á útfluttum vörum o. fl.